

# KRUMMAKLÚBBURINN



STOFNAÐUR  
26. JAN. 1964



Ágrip af sögu klúbbsins til 2011







*Karl Friðriksson; Stórkrummi nr. 1.*



*Stjórn Krummaklúbbsins um 1970, Fv. Pétur Kristjánsson, ritari og síðar stórkrummi, Ólafur Þorsteinsson, Stórkrummi og Ólafur Karvelsson, gjaldkeri.*



*Agnar Jörgensen stjórnar spilakvöldi.*



*Guðmundur Jónsson  
í einkennisvesti með  
krummabindið.*



# Krummasaga

## Ágrip af sögu Krummaklúbbsins

Á þorrahlaðborði Krummaklúbbsins þann 27. janúar 2011 kom fram sú ósk frá einum af nýrri félögum klúbbsins að fá að vita meira um tilurð og sögu klúbbsins. Stjórnin tók þetta erindi þegar í stað föstum tókum og var ákveðið að Ásbjörn Einarsson, gjaldkeri skyldi ýta málinu af stað. Ásbjörn fékk þá aldkrummana Hauk Leósson og Björn Dagbjartsson til liðs við sig og var strax hafist handa við að afla upplýsinga.

Þegar Haukur var Stórkrummi hafði hann í lok síns valdaferils fengið einn góðan féлага til að skrifa ágrip af sögu klúbbsins og afhent honum fundargerðabækur og ýmis gögn varðandi klúbbinn. Þessi félagi missti skömmu síðar heilsuna og lést en hefur líklega beðið einhvern annan krumma að ljúka verkinu. Haft var sanmband við aðstandendur þessa og annarra látinna féлага en án árangurs. Fundargerðarbækurnar fundust ekki.

Því var gripið til þess ráðs að leita á náðir gamalla krumma og fá þá til að rifja upp ýmislegt frá fyrstu dögum klúbbsins. Einkum reyndist Júlíus Guðmundsson, einn af stofnendunum drjúgur fróðleiksbrunnur og er ýmislegt af því sem hér fer á eftir frá honum komið.

## Aðdragandinn

Júlíus Guðmundsson og makker hans Tryggvi Þorfinnson ræddu um það haustið 1963 við nokkra fleiri féлага úr „Bridgeheiminum“ í Reykjavík að gaman væri að stofna klúbb „heldri“ bridgespilara sem væri frábrugðinn þeim „alvarlegu“ keppnisklúbbum sem fyrir væru. Áhersla yrði lögð á þægilegt og afslappað umhverfi og nokkru vandaðri umgjörð spilakvöldanna en tíðkaðist. Þessi hugmynd þróaðist svo áfram og jafnframt fjölgaði í hópnunum sem að þessu stóð. Þegar komið var að því að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd voru orðnir einir 12 menn í aðstandendahópnum en þeir voru:

Gunnar Vagnsson, Jón Magnússon, Ingólfur Bødvarsson, Guðjón Ottósson, Gylfi Baldursson, Gísli Haflíðason, Ragnar Þorsteinsson, Georg Jónsson, Karl Friðriksson og Sóphus Guðmundsson auk þeirra Júlíusar og Tryggva.

Eiginlegur stofnfundur var svo haldinn veturinn eftir, nánar tiltekið þann 26. janúar 1964, í sal Sjómannaskólans við Háteigsveg. Það hafði verið smalað dálítið á fundinn með því að tólfmenningarnir hringdu í bridgespilara sem þeir þekktu og töldu vænlega meðlimi.

## Stofnfundurinn

Á stofnfundinum voru teknar ýmsar grundvallar ákvarðanir um væntanlega starfssemi klúbbsins, ma. um hámarksfjölda klúbbfélaga og skyldi stefnt að tölunni 64 sem eingöngu skyldu vera karlar. Einnig að spilakvöld skyldu vera á tveggja vikna fresti á tímabilinu október til aprílloka og að á þeim skyldi vera kaffihlé þar sem allir sætu til borðs saman og meðlæti þar í betra lagi. Settur yrði yfir borðum klúbbfundur með dagskrá eftir ástæðum. Þá voru jólafundir og þorrablot hluti af vetrarstarfinu. Mönnum var ljóst að þáttaka yrði kostnaðarsamari en í flestum slíkum klúbbum enda var ákveðið strax að hafa inntökugjald auk félagsgjalds. Einnig var síðar meir lögð á sekt fyrir að mæta ekki á spilakvöld jafnvel



*Prúðbúinir krummar á árhátíð um 1970. Fv. Sigurður Kristjánsson, Ólafur Þorsteinsson, Njáll Þórðarson, Jón Árnason, Guðmundur Ásgrímsson og Magnús Marionsson.*

þó að menn boðuðu lögleg forföll! Einnig mátti leggja á sektir fyrir slakan árangur á spilakvöldum og var það gert fyrstu árin. Þá var og ákveðið að halda eins konar árhátíð þar sem eiginkonum yrði boðið til kvöldverðar og einnig skyldi þeim boðið í ferðalag á hverju vori.

Töluverðar umræður urðu um nafn á félagsskapnum. Fyrir valinu varð nafnið: „KRUMMAKLÚBBURINN“ með tilvísan til þess að þessi hópur hefði krunkað sig saman eins og hrafnar á hausti. Merki klúbbsins skyldi vera svartur hrafni á hvítum grunni og forseti klúbbsins skyldi nefndur „Stórkrummi“ kannski með hliðsjón af „Stórmeisturum“ í öðrum karlklúbbum. Fyrsti Stórkrummi var kosinn Karl Friðriksson. Hann var þekktur fyrir störf sín fyrir Bridgesamband Íslands sem aðalfulltrúi Bridgefélags Akureyrar. Hann var þá nýlega fluttur til Reykjavíkur, kominn á eftirlaun og hafði bæði tíma og áhuga á málinu. Ritari var kosinn Ólafur Þorsteinsson og gjaldkeri Gunnar Vagnsson.

## Lög og lagabreytingar

Gunnari Vagnssyni hafði verið falið að gera uppkast að lögum, sem var lagt fram á stofnfundinum og var það samþykkt. Á aðalfundum sem skyldu vera haldnir á haustin í október áður en vetrarstarfið hæfist voru síðar samþykktar nokkrar breytingar á þessum lögum. Upphaflegu lögini fylgja hér með í afriti með áorðnum breytingum til 1967. (Sjá síðar) Lögini eru að mörgu leyti merkileg. Þau eru mjög ýtarleg og nokkuð mikið um boð og bönn. Vald stjórnar er mjög mikið og hefur það verið svo síðan. Þó var þess gætt að fela ekki Stórkrumma einum þessi miklu völd heldur stjórninni í sameiningu, en stjórnir hafa yfirleitt verið mjög samstíga og fylgispakar stórkrummanum.



## MATSEÐILL



### Hlaðborð

Margréttad,  
heitt og kalt.



Kaffi,  
koníak eða líkjör.  
Konfekt



## Krummaklúbburinn ÁRSHÁTÍÐ

21. nóvember 1992  
haldin í Sigtúni



Stofnaður  
26. janúar 1964

## DAGSKRÁ

Kl. 19.00: *Hásið opnað -  
Fordrykkur*



Kl. 20.00: *Hátíðin sett -  
Stórkrummi  
Haukur Leósson*

*Veislustjóri  
Pétur Kristjánsson  
tekur við stjórninni*

*Borðhald  
Glæsilegt hlaðborð*

*Ræðumaður kvöldsins -  
Örn Ingólfsson*

*Skemmtiatriði -  
Sigrán Hjálmtýsdóttir  
(Diddú) óperusöngkona,  
undirleikari Anna Guðný  
Guðmundsdóttir.*

*Dans -  
Hljómsveitin Náttkragnar*

*Bodskort á árshátíð 1992.*



Lögin voru svo að taka breytingum á næstu árum en árið 1978-'79 er ráðist í vandaða endurskoðun og nýja prentun á lögnum sem gekk undir nafninu "Svarta bókin." Þar eru ýmis nýmæli og fellt út ýmislegt sem klúbbfélögum hafði mislíkað eins og sum sektarákvæðin, ákvæði um brottvikningu í nafni stjórnar og fleira. Eitt af nýmælunum er að nú er alltaf talað um „klúbbinn“ í stað „félagið“ áður. Annað er að öll kaflaskil eru felld niður og alls 3 greinar fyrri laga. (Sjá afrit laganna frá 1979.)

Undarlegt er það að hinn umdeildi „Gullkrummi“ sem var barmmerki til heiðurs sextugugum krummum er ekki nefndur í lögnum frá 1978. Enda mislíkaði sumum að félagar, kannski nýbyrjaðir í klúbbum þyrftu einungis að hafa unnið það afrek að ná 60 ára aldri til að hljóta heiðursmerki klúbbsins! Gullkrumminn hvarf síðan hljóðlega af sjónarsviðinu.

Í gögnum klúbbsins er til uppkast að lagabreytingum frá 2003-'04. Hvergi finnst þó nokkuð um að þessar breytingar hafi verið samþykktar eða lögin svo breytt hafi verið gefin út.

## Klúbbstarfið

Fyrstu þrjá veturna voru spilakvöldin haldin á Hótel Sögu en eftir áramót 1967 var klúbbstarfið flutt í Dómus Medica. Þaðan flutti starfsemin í Akoges-húsið við Sigtún um 1990 og þaðan í húsnæði Bridgesambandsins í Síðumúla 2002.

Fyrst í stað var spilamenskunni stjórnað af einstökum félögum fyrst Jóni Magnússyni og síðar Jóni Björnssyni og sáu þeir líka um útreikning á úrslitum sem voru svo lesin upp á næsta spilafundi á eftir. En skömmu fyrir 1980 var Agnar Jørgenson ráðinn sem sérstakur spilastjóri og þótti það til mikilla bóta. Hann var einstaklega líflegur og góður stjórandi og félagi. Frá því um haustið 2002 hafa stjórnað spilakvöldunum stjórnendur frá Brigesambandinu fyrst Björgvin Kristinsson og nú síðast Sveinn Rúnar Eiríksson.

Árshátíðin var hin veglegasta samkoma. Klæðnaður átti að vera smóking eða kjólföt og síðir kjólar (eða finustu spariföt manna). Boðið var upp á skemmtiatriði og dansleik með hljómsveit á eftir. (Sjá sýnishorn af dagskrá Árshátíðar 1992). Vorferðirnar voru líka oft minnisstæðar.

Fyrir utan árshátíðina og vorferðina með konunum var ýmislegt gert til að lífga upp á starfsseminna. Farið var í keppnisferðir á Suðurnes, upp á Akranes, til Borgarness og víðar. Var þá oft mikið um söng og gleðskap á heimleiðinni enda oftast verið að fagna sigri Krummanna

Fljótlega var ákveðið að skipta klúbbfélögum í átta hópa sem allir hétu fuglanöfnum baráttuglaðra fugla, helst ránfugla. Átta félagar voru í hverjum hópi. Hóparnir nefndust: Skarfar, Skúmar, Spóar, Mávar, Kjóar, Fálkar, Smyrlar og Ernir. Þessir hópar áttu að myndast með því að menn krunkuðu sig saman og þeir skyldu keppa við hina hópana í tveggja kvöldu sveitakeppni einu sinni á vetri. Sá síður myndaðist amk í sumum þessara hópa að einn úr hópnum bauð í fordrykk fyrir árshátíðina. Treysti það kunningsskapinn og samheldnina í hópnum.

Þrátt fyrir kostnaðinn gekk vel að afla félaga fyrstu árin og það var jafnan biðlisti eftir inngöngu. Svo virðulegur var þessi félagsskapur að það var meira að segja grennslast fyrir um fortíð umsækjendenda ef enginn klúbbfélagi þekkti þá sem auðvitað var oftast. Seinna





*Spilastjóri Sveinn Eiríksson gefur fyrirsmæli.*



*„Frjáls“ spilamennska á þorablóti 2011.*

var ákveðið að þeir sem voru 70 ára og eldri mættu vera sérstakir „undanþágu-“ félagar umfram töluna 64 en það þýddi að þeir voru undanþegnir mætingaskyldu og sluppu við sektir fyrir að mæta ekki. Þessi hópur gekk brátt undir nafninu „Lávarðadeildin“.

Einnig var ákveðið að gera sérstakan einkennisklæðnað og nafnsþjald til að bera á klúbbfundum. Í lögnum er frá 1965 talað um einkennisklæðnað sem skylt er að bera á spilakvöldum en það var grænt vesti með ísaumuðum svörtum krumma. Gert var líka hálsbindi en þess er ekki getið í lögnum fyrir 1967. Fyrst var vestið skylduklæðnaður en síðar, amk eftir 1979 er bindið skildutákn og lágu sektir við að vera ekki með það á spilafundum. Vitað er til þess að þessi hafa orðið viðhafnarlíkur barna og barnabarna sumra krumma. Brúna bindið þótti heldur ófagurt en seinna var bindið endurhannað grátt að lit og líkaði þá betur. (*Sjá ljósmynd af vestinu og fyrra bindinu*).

## Stórkrummatal

Þeir sem gegnt hafa því virðulega embætti Stórkrummi eru eftirfarandi:

Karl Friðriksson	1964—1969
Ólafur Þorsteinsson	1969—1973
Guðmundur Guðmundsson	1973—1975
Ólafur Þorsteinsson	1975—1978
Friðrik Karlsson	1978—1982
Sigurður Óskarsson	1982—1984
Gunngæir Pétursson	1984—1985
Grímur Thorarensen	1985—1987
Pétur Kristjánsson	1987—1988
Haukur Leósson	1988—1999
Árni Björn Birgisson	1999—2002
Bjarni I. Árnason	2002— ??



*Frá hátíðarkvöldverði í vorferð að Flúðum 2011. Fv. Björn Dagbjartsson, Gunnhildur Sigurðardóttir, Bjarni I. Arnasson, Sigrún Oddsdóttir og Haukur Leosson*

Eins og sést á þessari töflu hafa Stórkrummar að jafnaði verið lengur við völd í seinni tíð. Ekki hefur það þó enn leitt til atburða svipaðra og í Norður Afríku enda hafa Stórkrummar jafnan farið mildilega með hin miklu völd sín að hætti hinna menntuðu einvalda miðalda.

Ekki hefur verið mikið um valdabaráttu eða stjórnarbyltingar en þó eru til dæmi um að síjandi Stórkrummar sem hefðu kannski viljað sitja áfram hafi ekki verið kosnir vegna þess að það hefur einfaldlega ekki verið stungið upp á þeim til endurkjörs.

Stjórn klúbbsins gerði tillögu um það á aðalfundi 2003 að tveir félagar, þeir Agnar Jørgensson sem nú er látinn og Haukur Leósson yrðu gerðir að heiðursfélögum og var það samþykkt. Haukur er því eini heiðursfélaginn í Krummaklúbbnum.

## 21. öldin

Nokkur lægð varð í starfsemi klúbbsins upp úr aldamótunum. Þannig segir þáverandi stórkrummi í ársskýrslu sinni vorið 2001: „Félagslíf var með daprari hætti en áður. Haldið var jóla kvöld og þorablót en árhátíð og vorferð voru felld niður ma. vegna ónógrar þátttöku.“ Árhátíð hafa ekki verið haldin síðan. Félagafjöldi var þá kominn niður í 53, þar með taldir 5 „lávarðar“ án mætingarskyldu. Og stórkrummi sér sig ítrekað til þess neyddan veturinn 2003- 2004 að brýna fyrir félögum að mæta betur á spilakvöldum.



Starfsemi klúbbsins hefur verið mun líflægri nú síðustu árin og verið í nokkuð föstum skorðum þó að þær skorður séu etv. nokkuð frábrugðnar því sem lagt var upp með 1964. Ef til vill er komin tími til að ráðast í endurskoðun laganna aftur nú eins og gert var 1979 og laga lögin að starfseminni eins og virðist hafa verið gert þá að nokkru leyti amk.

Spilamennskan er eins og áður hryggurinn í starfssemi klúbbsins. Nú er stundum spilað þrisvar í mánuði og spilakvöldin orðin 18-20 á vetri en voru sjaldan fleiri en 14-16 hér áður. Spilastjórnarnir eru mjög líflægir og útsjónarsamir menn og stjórnin lætur þá að mestu um að undirbúa spilakvöld og ákveða hvers konar keppnisform verður við haft í hvert skipti. Nú eru spilastjórnar orðnir svo tæknivæddir að úrslit geta legið fyrir jafnharðan eftir hverja umferð og endanleg úrslit strax að loknu spilakvöldi. Öll úrslit eru svo birt á Internetinu strax daginn eftir. Sjálfa spilamenskuna og úrslitin taka menn misjafnlega alvarlega eins og gengur en yfirleitt er þó vissst kapp í mönnum að standa sig sem best.

Kaffi og meðlæti er á öllum fundum og stórkrummi ávarpar félagana og greinir frá því sem er efst á baugi eða framundan í klúbbstarfinu eða að hann eða aðrir flytja útdindi af félögum sem etv eiga við veikindi að stríða. Tvisvar á vetri býður klúbburinn félögum í matarveislu; það er jólahlaðborð og þorrablót og þá er „stjórnlaus“ spilamennska á undan og eftir með opnum bar og öðru tilheyrandi.

Svo má ekki gleyma vorferðinni sem er eins og verið hefur frá upphafi keppnisferðalag fyrir félagi í eitthvert nágrannasveitarfélag, en skemmtiferð fyrir konurnar í fylgd stórkrumma og eins eða fleiri meðreiðarsveina. Undanfarin ár hefur leiðin legið að Flúðum og verið keppt við sameinað lið uppsveita Suðurlands. Þetta er tveggja daga ferð og „háútdarkvöldverður“ seinna kvöldið í boði klúbbsins að loknum aðalfundi. Klúbbfélagar greiða nú félagsgjald í tvennu lagi fyrir veturinn óháð mætingu. Gjald stendur straum af öllum kostnaði sem klúbburinn verður fyrir þar með taldar greiðslur fyrir veitingar á spilakvöldum, jólafundi, þorrablóti og vorferð. Auk þess er innifalinn allur annar kosnaður við spilakvöldin. Þar með lögðust af hinar ýmsu sektargreiðslur o.þ.h sem viðgengust á fyrri árum. Þetta fyrirkomulag hvetur félagana til að mæta í vorferðina og á aðrar samkomur klúbbsins sem þeir hafa þegar greitt fyrir með félagsgjöldunum.

Klúbbfélagar eru nálægt 70 um þessar mundir (sbr. spjaldskrá ritara hér meðf.). Sjálfsgagt mætti kalla þó nokkra þeirra „lávarða“ samkvæmt gömlu 70-ára reglunni, sem að vísu var einhvern tímann breytt í 75 ára reglu þó að það standi ekki í gildandi lögum. Mæting á spilakvöldum sl. vetur var góð oft 50- 60 félagar. Þó er nú ekki um neina skyldumætingu að ræða. Ef menn hafa greitt sitt árgjald þá er það þeirra mál að missa af spilafundi. Félagar verða menn nú yfirleitt með því að aðrir félagar sem fyrir eru mæla með þeim og hvetja þá til inngöngu og „varamenn“ er leyfilegt að kalla inn. Slíkir varamenn hafa oft síðar orðið reglulegir félagar.



# **Frásögn Agnars Jörgensen af vorferð 23- 24 apríl 1991**

Haldið var í Ölfusborgir við mikinn fögnuð. Spilað við Hvergerðinga í hraðsveitarkeppni. Voru 6 sveitir frá krummum, 4 úr Hveragerði og ein blönduð. Úrslitin eru á sérblaði.

Konur fóru mjög ánægjulega ferð á laugardaginn um uppsveitir Árnassýslu. Skoðaðar voru rafstöðvarnar við Írafoss og Ljósafoss og hið forna höfðingjasetur Kiðaberg við Hvítá. Þar tók á móti þeim krumminn Örn Isebarn og sýndi staðinn. Fararstjórar voru Stórkrummi Haukur Leósson og Pétur Kristjánsson, fyrrverandi Stórkrummi.

Svo er hér stutt athugasemd frá Agnari um keppnisferð í Borgarnes í mars 1993: Má segja að þetta hafi orðið að hreinu æfingamóti fyrir Borgfirðinga því að þeir báðu um að fá að sitja eins á öllum borðum þe norður og suður báðum megin til að fá innbyrðis samanburð.



# Lög Krummaklúbbsins

Lögð fram á stofnfundi 26. janúar 1964

Með breytingum frá aðalfundum 1964, 1965 og 1966

## 1. kafli

### Nafn félagsins og hlutverk

#### 1. grein

Nafn félagsins er „Krummaklúbburinn“. Merki þess er hrafn á ljósum fleti.

#### 2. grein

Hlutverk félagsins er að veita meðlimum þess aðstöðu til iðkunar bridgeíþróttarinnar við hin bestu skilyrði, sem kostur er. Að því skal stefnt að félagið geti á ári hverju látið nokkra upphæð af hendi rakna til góðgerðarstarfsemi. Skal stjórn félagsins árlega gera tillögu um þá peningaupphæð, sem verja skuli það ár í því skyni og hver hana skuli hljóta.

## II. kafli

### Skipulag.

#### 3. grein

Félagið er lokað. Umsóknir skulu vera skriflegar. Félagar gefi við inngöngu í félagið drengskaparloforð um þagrarskyldu varðandi félagið, starfsemi þess og skipulag.

#### 4. grein

Hámarkstala félaga skal ákveðin af aðalfundi til eins árs í sinn. (Félagsmenn eru 58 , 1965)

## III kafli

### Fjármál

#### 5. grein

Við inngöngu í félagið greiða félagar 500,-fimmhundrað-króna óafturkræft inntökugjald í eitt skipti fyrir öll, sem rennur í félagssjóð.

Stjórnin ákveður gjald fyrir þátttöku í spilakvöldum og er sú upphæð jafnframt greiðsla fyrir veitingar, þ.e. kaffi eða te og kökur.

#### 6. grein

Nú fer fram sveitakeppni á spilakvöldum, hvort heldur sú keppni nær til allra þátttakenda það kvöld eða einungis milli einhverra tveggja sveita og greiðir þá sú sveit sem tapar sem hér segir:

2-4 stig; kr. 20 á mann



1-5 “ “ 40 “ “

0-6 “ “ 60 “ “

sem rennur í félagssjóð. Sé spiluð tvímennings-eða einmenningskeppni greiða þeir félagar sem ekki ná meðalskor kr. 50.00 - fimmtíu krónur -

Sama gildir um sveitakeppni í hraðkeppnisformi. Í rúbertubridge og þrasetu skal spilað upp á einn, sem rennur í félagssjóð á sama hátt og öll önnur spilagjöld.

#### 7. grein

Allar greiðslur samkvæmt 5. og 6.grein skulu inntar af höndum á staðnum eftir því sem við verður komið.

## IV. Kaffli Stjórn

#### 8. grein

Aðalfund skal halda í októbermánuði ár hvert. Hann telst löglega boðaður ef það er gert í heyrenda hljóði á spilakvöldi þar sem minnst  $\frac{3}{4}$  skráðra félaga eru mættir. Breytingar á lögum má aðeins gera á aðalfundi enda séu þær gerðar með atkvæðum a.m.k.  $\frac{2}{3}$  fundarmanna.

#### 9. grein

Aðalfundur kys þrjá menn í stjórn félagsins formann, gjaldkera og ritara hvern í sínu lagi. Kosnir skulu einnig þrír menn í varastjórn sameiginlega svo og tveir endurskoðendur.

Í forföllum formanns gegnir ritari formannsstórfum. Forfallist aðalmaður í stjórn koma varamenn inn í stjórn í sömu röð og þeir hlutu atkvæði á aðalfundi.

#### 10. grein

Gjaldkeri skal annast fjárreiður félagsins, innheimta stofngjöld og gjöld samkvæmt 5. og 6. grein, semja reikninga félagsins og gera grein fyrir þeim á aðalfundi.

#### 11. grein

Ritari heldur spjaldskrá yfir féлага þar sem tilgreint er nafn, heimilisfang og símanúmer. Hann sér um að koma til félaga boðum, ef nauðsyn krefur, enda heimilast honum að kveðja hvern þann féлага sem hann kys sér til aðstoðar í því efni ef nauðsyn krefur.

#### 12. grein

Stjórnin skipuleggur spilakvöld. Heimilt er henni að kveðja hvern þann féлага sem hún kys sér til aðstoðar í því efni, fleiri eða færri ef þurfa þykir. Á spilakvöldum mæta félagar í einkennisvesti sem í er merki félagsins og merkið er eign þess.

Til þess að tryggja að einkennisvesti félagsins séu ekki í eigu annarra en félagsmanna sjálfra er þeim félögum sem víkja úr félaginu skylt að afhenda þau stjórn félagsins og er henn í heimilt að endurgreiða þau eftir mati eða að samkomulagi.



### 13. grein

Stjórn félagsins er heimilt að efna til sameiginlegs fagnaðar fyrir félagsmenn og gesti þeirra er kostnaður sé að einhverju eða öllu leyti greiddur af félagssjóði.

### 14. grein

Aðalfundur kýs þrjá menn er fjalla um umsóknir um inngöngu í félagið. Nú fallast þeir einróma á upptöku umsækjanda og ber þeim að því loknu að tilkynna stjórn félagsins þá niðurstöðu. Félagsmaður verður hver sá sem nefndin mælir einróma með innan þess ramma sem hámarkstala félaga ákveður.

Inntökunefnd skal fylgjast með því hverjir eru löglegir félagar hverju sinni og sjá svo um að tala þeirra í heild sé eigi hærri en ákveðið er á hverjum tíma. Hún gerir og tillögu um brottvikningu þeirra félagsmanna sem ekki uppfylla skyldur sínar við félagið eða gerast brotlegir við félagslögin.

### 15. grein

Fundur eru löglega tikiðntir félagsmönnum á þann hátt er stjórn félagsins telur henta og fullnægjandi annað hvort á spilakvöldum eða með sérstakri boðun. Félagsmenn skuldbinda sig til að mæta tvisvar í mánuði hverjum á tímabilinu frá 1. október til aprílloka. Forföll skulu boðuð formanni a.m.k. einum sólarhring áður en næsti spilafundur skal hefjast. Sá er boðar forföll greiðir eigi að síður kr 50.00. Séu forföll eigi boðuð á réttum tíma eða með of stuttum fyrirvara greiðist fullt kvöldgjald. Félagar sem mæta 10. mín. eftir boðaðan fundartíma greiði kr. 25.00

### 16. grein

Stjórnin skal leitast við að sjá um að spilakvöldin séu á föstum vikudögum og sem reglulegast tvisvar í mánuði. Ritari heldur fundargerðabók. Stjórnin getur ákveðið að inn í hana séu færðir bestu árangrar á einstökum kvöldum eða mótum innan félagsins. Til annarra verðlauna skal eigi keppt nema einróma samþykki félagsmanna komi til.

### 17. grein.

Félagið skal eigi gerast meðlimur í Bridgesambandi Íslands.

### 18. grein

Nú gengur félagsmaður úr félaginu áður en nýtt keppnistímabil hefst og skal hann þá tilkynna ritara félagsins þar um. Engar fjárkröfur skal hann eiga á hendur félaginu. Stjórnin getur veitt féлага lausn úr félaginu á öðrum tímum ef ástæða þykir til enda sé sá hinn sami skuldlaus við félagið.

### 19. grein

Með einróma samþykki félagsstjórnar og inntökunefndar má víkja féлага úr félaginu ef nægar ástæður eru fyrir hendi að dómi þessara aðila. Heimilt er þeim sem þannig er víkið úr félaginu að skjóta máli sínu til næsta aðalfundar.



## V. kafli Félagsslit

### *20. grein*

Félaginu skal slíta ef fullur helmingur skráðra félagsmanna sendir tillögu þar um til stjórnar félagsins. Við félagsslit eiga nettóeignir félagsins að renna til Barnahjálparinnar. Félagar bera þá jafna og sameiginlega ábyrgð á því sem sem kann að vanta að félagið eigi þá fyrir skuldum.





# Lög Krummaklúbbsins endurskoðuð 1978-’79

## 1. grein

Nafn klúbbsins er „Krummaklúbburinn“. Merki hans er hrafn á ljósum fleti.

## 2. grein

Hlutverk klúbbsins er að veita meðlimum hans aðstöðu til iðkunar bridgeþróttarinnar við hin bestu skilyrði, sem kostur er. Að því skal stefnt að klúbburinn geti á ári hverju látið nokkra upphæð af hendi rakna til, góðgerðastarfsemi.

## 3. grein

Klúbburinn er lokaður. Umsóknir skulu vera skriflegar og mæli minnst tveir félagar með hverri umsókn. Hverjum félagi er skylt að afhenda mynd af sér sem varðveitt verður í safni klúbbsins.

## 4. grein

Hámarkstala félaga skal vera 64, sem skiptist í 8 manna flokka. Þó skal stjórninni heimilt að veita félögum sem orðnir eru 70 ára, og hafa verið félagar í minnst 8 ár, en ekki treysta sér til að mæta reglulega á spilakvöldum, undanþágu frá skildumætingunum, enda greiði þeir hálf tónungjald og fullt kvöldgjald þegar þeir mæta. Félagar sem slíka undanþágu fá skulu vera umfram hámarkstölu. Þessar undanþágur mega þó ekki vera fleiri en fjórar. Stjórn klúbbsins tilnefnir flokksfóringja.

## 5. grein

Hverfélagi greiðir árgjald til klúbbsins sem aðalfundur ákveður ár hvert. Við inngöngu í klúbbinn greiða félagar óafturkræft inntökugjald í eitt skipti fyrir öll sem rennur í sjóð klúbbsins. Skal það vera 50% hærra en klúbbsgjaldið er á hverjum tíma. Stjórnin ákveður gjald fyrir þátttöku á spilakvöldum og er sú upphæð jafnframt greiðsla fyrir veiðingar, þ.e. kaffi eða te og meðlæti.

## 6. grein

Aðalfundur skal halda fyrir 15. maí ár hvert, sem yrði lokafundur á starfsárinu. Aðalfundur skal teljast löglega boðaður ef það er gert í heyranda hljóði á spuilakvöldi. Breytingar á lögum má aðeins gera á aðalfundi. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða mætttra fullgildra félaga. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar stjórninni 15 dögum fyrir aðalfund. Að loknum aðalfundi hefst venjulegt spilakvöld, með sömu reglum og gilda á öðrum spilakvöldum.

## 7. grein

Aðalfundur kýs 4 menn í stjórn klúbbsins, stórkruimma, ritara, gjaldkera og fjármálaritara,



hvern í síni lagi. Kosnir skulu einnig 3 menn í varastjórn sameiginlega, tveir endurskoðendur, tveir birgðaverðir og þriggja manna skemmtinefnd. Í forföllum stórkrumma gegnir ritari formannsstörfum. Forfallist aðalmaður í stjórn koma varamenn inn í stjórnina í sömu röð og þeir hlutu atkvæði á aðalfundi..

### 8. grein

Gjaldkeri annast fjárreiður klúbbsins, innheimtir stofngjöld og gjöld skv. 5. grein, leggur fram endurskoðaða reikninga klúbbsins og gerir grein fyrir þeim á aðalfundi.

### 9. grein

Ritari heldur spjaldskrá yfir féлага, þar sem tilgreint er nafn, heimilisfang og símanúmer. Hann sér um að koma boðum til féлага ef nauðsynn krefur.

### 10. grein

Stjórnin skipuleggur spilakvöld. Heimilt er henni að kveðja féлага, fleiri eða færri, sér til aðstoðar ef þurfa þykir. Á spilakvöldum mæta félagar með hálsbindi sem í er merki klúbbsins. Skal stjórninni heimilt að sekta þá féлага sem ekki mæta með hálsbindið á spilakvöldum.

### 11. grein

Stjórn klúbbsins og skemmtinefnd er heimilt að efna til sameiginlegra skemmtana fyrir félagsmenn og gesti þeirra er kostnaður sé að einhverju eða öllu leyti greiddur af sjóði klúbbsins.

### 12. grein

Aðalfundur kýs þrjá menn er fjalla um umsóknir í klúbbin. Fallist þeir einróma á upptöku umsækjanda, ber þeim að tilkynna stjórn klúbbsins þá niðurstöðu. Fullgildur félagi verður hver sá, sem stjórnin einróma samþykkir að fenginni tillögu inntökunefndar, innan þess ramma, sem hámarkstala féлага ákveður. Inntökunefnd skal fylgjast með því, hverjir eru löglegir í klúbbum, og sjá svo um að tala þeirra í heild sé eigi hærri en ákveðið er á hverjum tíma. Nefndin getur gert tillögur um brottvikningu þeirra féлага, sem ekki uppfylla skyldur sínar við klúbbin eða gerast brotlegir við lög hans.

### 13. grein

Fundir klúbbsins eru löglega tilkynntir félögum á þann hátt, er stjórn klúbbsins telur henta og fullnægjandi, annað hvort á spilakvöldum eða með sérstakri boðun. Félagar skuldbinda sig til þess að mæta tvisvar í mánuði hverjum á tímabilinu frá 1. október til 15. maí. Forföll skulu boðuð viðkomandi flokksforingja amk. einum sólarhring áður en næsti spilafundur skal hefjast. Sá er boðar forföll greiðir eigi að síður fullt kvöldgjald. Féлага, er ekki mætir 5 spilakvöld á starfsári án löglegra forfalla að mati stjórnar skal vikið úr klúbbum.

### 14. grein

Stjórnin skal leitast við að sjá um að spilakvöld séu á föstum vikudögum og sem reglulegast tvisvar í mánuði. Ritari heldur fundargerðabók. Stjórnin getur ákveðið að inn í



hana séu færðir bestu árangrar á einstökum kvöldum eða mótum inna klúbbsins. Til annarra verðlauna skal eigi keppt nema einróma samþykki félaga komi til.

#### *15.grein*

Klúbburinn skal eigi gerast aðili að Bridgesambandi Íslands.

#### *16.grein*

Nú gengur félagi úr klúbbnum áður en nýtt keppnistímabil hefst og skal hann þá tilkynna ritara klúbbsins þar um. Engar fjárkröfur skal hann eiga á hendur klúbbnum. Stjórnin getur veitt félagi lausn úr klúbbnum á öðrum tímum, ef ástæða þykir til enda sé sá hinn sami skuldlaus við klúbbinn.

#### *17.grein*

Klúbbnum skal slíta, ef fullur helmingur félaga sendir tillögu þar um til stjórnar klúbbsins. Við klúbbslit skal nettóeign klúbbsins renna til góðgerðastarfsemi. Félagar bera jafna og sameiginlega ábyrgð á því, sem á kann að vanta að klúbburinn eigi fyrir skuldum.



## Félagar í Krummakiúbbnum 1978-1979

### SKARFAR:

Georg Jónsson, Háaleitisbraut 33 .....	34785	36298
Ragnar Þorsteinsson, Hrífsateig 8 .....	36304	85900
Helgi E. Guðbráðsson, Grensásvegi 58	35972	26850
Frjörík M. Friðleifsson, Skólalauti 49 ..	25484	
Bragi Kristjánsson, Hjalímholti 4 .....	31125	26000
Vilberg Skarphéðinsson, Steinagerði 4	32628	
Ólafur Þorsteinsson, Drápuhlíf 18 .....	14961	85044
Ásbjörn Einarsson, Espigerði 2 .....	30833	85400

### SMYRLAR:

Grímur Thorarensen, Skólagerði 47 .....	42046	24540
Ragnar Stefánsson, Fjólugötu 21 .....	25235	11480
Pétur Einarsson, Rauðalæk 21 .....	31126	85514
Ingólfur Helgason, Hraunhólum 8 .....	50008	
Magnús Maríonsson, Hólmgarði 37 .....	35134	36100
Birgir Sigurðsson, Háaleitisbraut 153 ..	32346	17125
Hilmar Guðmundsson, Gnoðarveg 28 ..	32226	
Pétur Auðunsson, Hraunhvamm 8 .....	50788	

### SKÚMAR:

Sophus Guðmundsson, Brúnalandi 21 ..	84501	19707
Björn Dagbjartsson, Kúrlandi 13 .....	36496	20240
Gunnar Guðmundsson, Háaleitisbraut 24	19022	32860
Frjörík Karísson, Mávahlíf 39 .....	20554	21896
Pétur Pálsson, Safamýri 36 .....	36301	
Páll Hannesson, Grænutungu 3 .....	42389	83188
Guðmundur Ófeigsson, Brekkugerði 28	31072	11041
Magnús Baldvínsson, Grænuhlíf 7 .....	33732	33732

### SPÓAR

Jón Magnússon, Vesturbergi 78 .....	72960	22240
Sigurður Egilsson, Laugarásvegi 55 ..	33719	22240
Ingólfur Böðvarsson, Grýtubakka 6 .....	71352	82800
Guðjón Ottósson, Grundargerði 24 .....	38434	86445
Jóhannes Guðmundsson, Espigerði 4 .....	35331	20240
Bernharður Guðmundsson, Espigerði 4 ..	36956	
Haukur Leósson, Viðjugerði 8 .....	83137	
Hilmar Ólafsson, Æsufelli 4 .....	72205	



**ERNIR:**

Bjarni Ágústsson, Skippholti 28 ..... 17386 16800  
 Árni Jónsson, Tjarnarbóli 2 ..... 15863  
 Jón J. Ólafsson, Blöndubakka 5 ..... 73812 16856  
 Sigurður Ísaksson, Lálandi 4 ..... 32482  
 Ásgrímur P. Lúðvíksson, Úthlíð 10 .... 17208 16807  
 Guðmundur Ásgrímsson, Hólmgarði 27, 32899 11280  
 Jóhann J. Hafstein, Drápuhlíð 12 ..... 28524 26850  
 Rafn Baldursson, Seiljavegi 15 ..... 24069

**KJÓAR:**

Njáll Þórðarson, Stóragarði 12 ..... 36531  
 Ólafur Karlsson, Laugarnesvegi 92 ..... 33934 26020  
 Jón Björnsson, Bárugötu 10 ..... 13287  
 Gunngeir Pétursson, Steinagerði 6 ..... 34569 18000  
 Lárus Arnórsson, Blönduhlíð 35 ..... 13678 23850  
 Lárus Árnason, Reynimel 76 ..... 20559  
 Sigurður Sigurz, Lindarbraut 12 ..... 11299 26055  
 Ari Jónsson, Sigtúni 57 ..... 36963 27722

.....

**FÁLKAR:**

Hannes Ingibergsson, Lálandi 2 ..... 30924 37300  
 Einar Sæmundsson, Reykjavíkurv. 25a .. 10941 15172  
 Jónas Halldórsson, Kvisthaga 29 ..... 18976 17633  
 Pétur Kristjánsson, Kleppsvégi 128 .... 35735 11384  
 Örn Ingólfsson, Mosgerði 22 ..... 35601 33980  
 Hallgrímur Jónsson, Brautarlandi 6 .... 37622 28577  
 Guðmundur Guðmundsson, Hvassal. 46 35361 17430  
 Gunnar Eggertsson, Kvisthaga 27 ..... 10592 83800

**MÁVAR:**

Magnús Thejll, Sævíðarsundi 62 ..... 82918 27722  
 Jón Hjartar, Kleppsvégi 144 .. ~~87074~~ 44670  
 Ólafur Karvelsson, Kleppsvégi 136 ..... 33937 26844  
 Sigurður Óskarsson, Skippholti 44 ..... 23746 52044  
 Örn I. S. Isebarn, Brautarlandi 10 ..... 31104  
 Bjarni Ásmundsson, Vesturbergi 45 .. 73320 33520  
 Kristinn Guðmundsson, Akurgerði 54 .. 36649 35005  
 Karl Bjarnason, Suðurvangi 2 ..... 52491



# Félagatal 2011

1 Haukur Leósson 301037-3339 Neðstaleiti 1 103 Reykjavík	♥ 7 ♠ Steinn Lárusson 230942-3660 ♦ Fífumýri 7 ♣ 210 Garðabær	♥ 13 ♠ Gunnar Sigurbjörnsson 170934-2889 ♦ Vogatunga 29 a ♣ 200 Kópavogur
2 Ívar J. Arndal 280559-3859 Prúðvangi 8 220 Hafnarfjörður	♥ 8 ♠ Sigurður Gunnlaugsson 240829-3129 ♦ Arahólum 4 ♣ 111 Reykjavík	♥ 14 ♠ Arngrímur Þorgrímsson 310859-4789 ♦ Háaleitisbraut 83 ♣ 108 Reykjavík
3 Reynir Eiríksson 081145-3699 Blöndubakka 20 109 Reykjavík	♥ 9 ♠ Snorri G. Tómasson 130254-2929 ♦ Birkigrund 50 ♣ 200 Kópavogur	♥ 15 ♠ Björn Magnússon 230747-3509 ♦ Hraunás 2 ♣ 210 Garðabær
4 Ingvi Hrafn Jónsson 270742-2629 Barmahlíð 56 105 Reykjavík	♥ 10 ♠ Steingrímur Davíðsson 150559-4139 ♦ Sunnubraut 25 ♣ 200 Kópavogur	♥ 16 ♠ Örn I. S. Ísebarn 240640-7599 ♦ Breiðuvík 85 ♣ 112 Reykjavík
5 Ásgeir Ásgeirsson 260657-4299 Sjafnargata 5 101 Reykjavík	♥ 11 ♠ Bjarni I. Árnason 170642-3769 ♦ Kópavogsbraut 77 ♣ 200 Kópavogur	♥ 17 ♠ Björgvin B. Schram 060645-7369 ♦ Hrólfskálar 6 ♣ 170 Seltjarnarnes
6 Björn Dagbjartsson 190137 4149 Suðurmýri 8 170 Seltj.nes	♥ 12 ♠ Jóhannes Finnur Halldórsson 181254-2039 ♦ Vesturgata 141 ♣ 300 Akranes	♥ 18 ♠ Örn B. Ingólfsson 080837-4379 ♦ Þykkvabæ 20 ♣ 110 Reykjavík



19 Eðvarð Hallgrímsson 220148-2549 Súlunes 12 210 Garðabær	♥ 26 ♠ Ólafur B Theodórs 141036-3199 ♦ Asparfelli 6, 1E ♣ 111 Reykjavík	♥ 33 ♠ Daði Björnsson 111066-4189 ♦ Hulduland 7 ♣ 108 Reykjavík
20 Bergþór Káráson 270357-4749 Sunnubraut 54 200 Kópavogur	♥ 27 ♠ Sigurður Jónsson 300646 4769 ♦ Ásbraut 9 ♣ 200 Kópavogur	♥ 34 ♠ Sigtryggur Jónsson 140647-8029 ♦ Eskihlíð 14 ♣ 105 Reykjavík
21 Elías Einarsson 251242-2169 Klettagata 16 220 Hafnarfjörður	♥ 28 ♠ Stefán Sigurðsson 010756-3919 ♦ Þinghólsbraut 53b ♣ 200 Kópavogur	♥ 35 ♠ Ólafur B. Schram 250550-3599 ♦ Vesturgata 52 ♣ 101 Reykjavík
22 Hallgrímur Jónsson 291140-3359 Langalína 34 210 Garðabær	♥ 29 ♠ Friðrik Sigurðsson 050558-6069 ♦ Kleifarás 14 ♣ 110 Reykjavík	♥ 36 ♠ Kjartan B. Bragason 160863-4049 ♦ Miklubraut ♣ 105 Reykjavík
23 Finnbogi Finnbogasson 011051-6939 Kapplaskjólsvegur 93 107 Reykjavík	♥ 30 ♠ Björn Guðbjörnsson 010560-3069 ♦ Fellsmúla 10 ♣ 108 Reykjavík	♥ 37 ♠ Ásbjörn Einarsson 040944-7299 ♦ Espigerði 2 ♣ 108 Reykjavík
24 Leifur Aðalsteinsson 310160-2539 Veghúsum 27 112 Reykjavík	♥ 31 ♠ Freyr Jóhannesson 180841-3349 ♦ Ystaseli 33 ♣ 109 Reykjavík	♥ 38 ♠ Haraldur Dungal 210550-2599 ♦ Blikanes 28 ♣ 210 Garðabær
25 Höskuldur Jónsson 090837-2309 Kristnibraut 8 113 Reykjavík	♥ 32 ♠ Ellert B. Schram 101039-3749 ♦ Sörlaskjöldi 1 ♣ 107 Reykjavík	♥ 39 ♠ Sigurður Kristjánsson 160441-4109 ♦ Álmholti 4 ♣ 270 Mosfellsbær





40 Baldur Scheving 311038-4009 Torfufell 11 111 Reykjavík	♥ 47 ♠ Sigurpáll Ingibergsson 230365-3509 ♦ Álfabeiði 1 E ♣ 200 Kópavogi	♥ 54 ♠ Ólafur Haukur Ólafsson 090249-2829 ♦ Nesbali 54 ♣ 170 Seltjarnarnes
41 Frosti Bergsson 301248-2969 Laugarásvegi 27 104 Reykjavík	♥ 48 ♠ Magnús Jónsson 171249-2369 ♦ Brúnarstaðir 67 ♣ 112 Reykjavík	♥ 55 ♠ Jörgen Þór Halldórsson 220237-7299 ♦ Mánatún 6 ♣ 105 Reykjavík
42 Hilmar Ragnarsson 140948-3819 Lyngbergi 23 221 Hafnarfjörður	♥ 49 ♠ Guðmundur J Þorvarðarson 120347- 3069 ♦ Bakkaseli 32 ♣ 109 Reykjavík	♥ 56 ♠ Brynjar Niússon 010960-3399 ♦ Birkhlið 14 ♣ 105 Reykjavík
43 Ingvar Elísson 060141-2829 Fellsmúla 17 108 Reykjavík	♥ 50 ♠ Björn E Pétursson 070229 4989 ♦ Byggðarendi 11 ♣ 108 Reykjavík	♥ 57 ♠ Grímur Valdimarsson 160643-6849 ♦ Stuðlasiel 14 ♣ 109 Reykjavík
44 Pétur Guðmundsson 240162-4749 Brúnastaðir 63 112 Reykjavík	♥ 51 ♠ Stefán Hjaltalín 010560-2339 ♦ Viðarás 37 ♣ 110 Reykjavík	♥ 58 ♠ Agnar Hansson 151265-3329 ♦ Vatnsholt 2 ♣ 105 Reykjavík
45 Guðmundur Jólsson 301148-2599 Hlíðarhjalla 54 200 Kópavogur	♥ 52 ♠ Leifur Harðarson 250357-2069 ♦ Bugðulæk 3 ♣ 105 Reykjavík	♥ 59 ♠ Helgi Fr. Magnússon 140339-4239 ♦ Krummahólum 6 ♣ 111 Reykjavík
46 Sigurður S. Gestsson 190252-2219 Brekkubyggð 38 210 Garðabær	♥ 53 ♠ Guðmundur Gunnlaugsson 150633-4279 ♦ Úthlið 15 ♣ 105 Reykjavík	♥ 60 ♠ Walter L Lentz 060834-5129 ♦ Steinavör 2 ♣ 170 Seltjarnarnes





61	♥	68	♥
Guðmundur Ágústsson	♠	Sveinbjörn Egilsson	♠
300858-2959	♦	030254-7169	♦
Sólheimar 12	♣	Fljótaseli 4	♣
104 Reykjavík		109 Reykjavík	
62	♥	69	♥
Ingimundur Guðmundsson	♠	Randver Þorláksson	♠
180957-3409	♦	071049-2059	♦
Bergholt 12	♣	Selbrekku 20	♣
270 Mosfellsbæ		200 Kópavogur	
63	♥	70	♥
Guðmundur R. Jóhannsson	♠	Kristinn Már Stefánsson	♠
120739-2209	♦	030645-3329	♦
Frostaföld 6	♣	Álftamýri 12	♣
112 Reykjavík		108 Reykjavík	
64	♥	Keppnisstjóri:	♥
Hörður Olavson	♠	Sveinn Rúnar Eiríksson	♠
200358-3259	♦	Hamraborg 26	♦
Heiðarás 27	♣	200 Kópavogur	♣
110 Reykjavík			
65	♥		♥
Þórhallur Tryggvason	♠		♠
211060-6399	♦		♦
Baugshús 33	♣		♣
112 Reykjavík			
66	♥		♥
Jón G. Baldvinsson	♠		♠
060644-2769	♦		♦
Vallarás 5	♣		♣
110 Garðabær			
67	♥		♥
Magnús Björnsson	♠		♠
300154-2989	♦		♦
Háengi 21	♣		♣
800 Selfoss			



*Frá spilakvöldi 2011.*



*Fv. Björn Dagbjartsson, Randver Þorláksson, Haukur Leósson  
og Hörður Ólafsson*



